

Minnisblað SAF

Viðtakandi: Fjármála- og efnahagsráðuneytið

Efni: Samkeppnisstaða Þjóðarbúsins. Innlegg í umræðu um þensluhættu og samstillta hagstjórn sem nýttast m.a. í umræðu um samstillta hagstjórn í Þjóðhagsráði.

Staður: Fundur í fjármála- og efnahagsráðuneytinu, Arnarhvoli 10. janúar 2017

Ferðaþjónustan í þjóðarbúskapnum

Ferðaþjónustan leikur nú stórt hlutverk í atvinnu- og verðmætasköpun landsins og mikilvægt er að svo verði áfram. Ferðaþjónusta er fjölbreytt atvinnugrein og því fara hagsmunir hennar saman við fjölbreyttan hóp atvinnugreina um allt land sem og ýmsa menningarstarfsemi sem rekin er af hinu opinbera s.s. rekstur safna og menningarhúsa. Þær ytri aðstæður sem nú eru uppi er mikill prófsteinn fyrir atvinnugreinina og hagvaxtarþróun til næstu ára. Ferðaþjónusta er í harðri alþjóðlegri samkeppni um ferðamanninn. Helsta mælistærðin gagnvart samkeppnisstöðu landsins er raungengið, á mælikvarða launa og verðlags, borið saman við önnur lönd. Báðir þessir mælikvarðar hafa hækkað mikið á undanförunum misserum sem rekja má til hækkunar á nafngengi krónunnar og hærri verðbólgu hér á landi en í helstu viðskiptalöndum. Fyrirtæki í ferðaþjónustu hafa því verið að takast á við versnandi samkeppnisstöðu, miklar launahækkanir og háa vexti, borið saman við samkeppnislöndin. Fari svo að ferðamönnum fækki eru miklar líkur á miklum efnahagssamdrætti sem myndi smita út frá sér inn í allt hagkerfið sbr. hefti Seðlabanka Íslands um fjármálastöðugleika frá okt. 2016.

Helstu hagstærðir tengdar ferðaþjónustu

Liður	2016
1. Hlutfall ferðaþjónustu af VLF	10%
2. Hlutfall ferðaþjónustu af heildarfjölda starfandi	10%
3. Fjöldi fyrirtækja/framteljenda í ferðaþjónustu	>3.000
4. Áætlaðar gjaldeyristekjur, milljarðar kr.	450-460
5. Ferðaþjónusta sem hlutfall af heildarútflytningi	38%
6. Ferðaþjónusta sem hlutfall af þjónustuútflytningi	70%
7. % br. frá fyrra ári í þjónustuútflytningi	15%
8. % br. frá fyrra ári í vöruútflytningi	-14%
9. Áætlaðar skatttekjur hins opinbera af ferðaþjónustu, milljarðar kr.	70
10. Afgangur á viðskiptajöfnuði, milljarðar kr.	120-130
11. Neysla erlendra ferðamanna, % af einkaneyslu innanlands á árinu 2010	8%
12. Neysla erlendra ferðamanna, % af einkaneyslu innanlands	17%
13. Fjárfesting í ferðaþjónustu, % af fjárfestingu atvinuveganna	21%
14. Fjárfesting hins opinbera í sögulegu lágmarki sem % af VLF	2,8%
15. Hlutfall ferðaþjónustu í útgjöldum hins opinbera til rannsóknar og þróunar	1%

Nánari skýringar:

- 1) Samkvæmt Arion banka. Engin opinber mæling liggur fyrir. Samtökin leggja áherslu á nauðsyn þess að efnahagslegt mikilvægi greinarinnar liggja ávallt fyrir eins og kveðið er á í Vegvísi, til að fá skýra mynd af lykilkpáttum sem móta munu þróun næstu ára; vægi í framleiðslu, atvinnu og útflutningi. Ferðþjónustareikningar (e. Tourism Satellite Accounts, TSA), hliðarreikningar við þjóðhagsreikninga hafa þetta hlutverk.
- 2) Hagstofa Íslands, fjöldi starfandi og fjöldi launþega byggir á skilgreiningu Hagstofu.
- 3) Hagstofa Íslands, fyrirtækjatölfræði. Á árinu 2005 var fjöldinn um 2.000 þannig að það er fjöldinn allur af ungum fyrirtækjum sem sannanlega þurfa stöðugt rekstarumhverfi.
- 4) Hagstofa Íslands, greiðslujöfnuður.
- 5-10) Áætlanir, útreikningar SAF
- 12-14) Tölur fyrir 2015

Ferðþjónusta sem atvinnugrein er ein af burðarásum atvinnulífsins, um allt land og allan ársins hring.

Vinumarkaður og framleiðsla

Vinnuafli

- Ferðþjónusta hefur verið atvinnuskapandi og nú er svo komið að atvinnuleysi er horfið en ákveðin framleiðsluspenna og samkeppni um vinnuafli hefur aukist.
- Það þarf að greina betur tilflutning á vinnuafli milli atvinnugreina og geira í hagkerfinu. T.a.m. er mikil eftirspurn eftir vel launuðum störfum í ferðþjónustu s.s. eins og í flugrekstri.
- Vitað er að það er mikil fjölgun á erlendu vinnuafli. Evrópskur vinnumarkaður er sveigjanlegur þegar kemur að ferðþjónustu sem ætti að virka sem „meiri teygja“ þegar kemur að framleiðsluspennu.
- Hátt raungengi á mælikvarða launa hefur mikil áhrif á fyrirtæki í ferðþjónustu. Um 35% rekstrarkostnaðar í hótél- og veitingahúsarekstri og í starfsemi sem tengist afþreyingu eru laun og tengd gjöld.

Húsnæðismarkaður

- Airbnb og rafrænir gjaldmiðlar á borð við bitcoin hafa einhver mildandi áhrif á spennu í hagkerfinu.
- Ruðningsáhrif á aðrar atvinnugreinar sem og á húsnæðismarkaðinn þarf jafnframt að mæla og meta betur en nú er gert.
- Verðhækkningar á húsnæðismarkaði eru að hluta til vegna leiðréttinga frá hrúni og ónógu framboði. Ekki hægt að horfa eingöngu til vaxtar í ferðþjónustu í þessu samhengi.
- Ef horft er til aðgangs að lánsfé og á verðþróun á íbúðarhúsnæði í hlutfalli við laun er vart hægt að tala um bóluþróun á fasteignamarkaði.
- Í umræðunni er mikið talað um svarta svarta starfsemi í ferðþjónustu. Þetta þarf að greina betur svo hægt sé að leggja mat á hve mikið tap á skatttekjum hins opinbera er líklegt að hljóti af svartri starfsemi í ferðþjónustu hér á landi.

Gera má ráð fyrir að ofangreind atriði mildi ruðnings- og framleiðsluspennuáhrif af miklum vexti greinarinnar.

Ferðaðjónusta – rekstrarskilyrði

Hátt raungengi eru viðvörunarljós – töf í viðbragði

- Ferðaðjónusta sem atvinnugrein er komin til að vera. Velgengni hennar eins og annarra atvinnugreina í útflutningsstarfsemi byggir á því að standast alþjóðlega samkeppni.
- Þar skiptir stöðugleiki og fyrirsjáanleiki mestu.
- Raungengissveiflur eru óhagstæðar atvinnugreininni. Þegar verðlag er hátt hér á landi þýðir það að kaupmáttur erlenda ferðamannsins er verri en ella, hann fer annað.
- Ferðaðjónustan selur, að stórum hluta, vörur sínar 12-18 mánuði fram í tímann til ferðaheildsala um allan heim.
- Samkvæmt greiningu Hagfræðistofnunar Háskólans (2006) má gera ráð fyrir tveggja ára tímatöf í að viðbragð við raungengishækkun komi fram.
- Það er mikið í húfi eins og kom fram í hefti Seðlabanka Íslands um fjármálastöðugleika í október s.l. Þar kemur fram að Íslendingar myndu lenda í miklum efnahagssamdrætti sem smitaði út frá sér inn í allt hagkerfið ef fækkun yrði í fjöldi ferðamanna hér á landi og fjöldinn yrði aftur svipaður og hann var á árinu 2012
- Könnun SAF meðal félagsmanna frá því í nóv/des 2016 sýnir að þrátt fyrir mikla aukningu ferðamanna má sjá þróun til lækkunar á EBITDA milli árána 2015 og 2016.

Það er því ljóst að gengisstyrking ISK er þegar farin að hafa mikil áhrif auk þess sem hátt vaxtastig er verulega íþyngjandi en sökum smæðar fyrirtækjanna eru þau flest skuldsett í ISK.

Áherslur SAF

Stöðugleiki, fyrirsjáanleiki, takmarka sveiflur

- Verðstöðugleiki skiptir ferðaðjónustuna mestu. Langtímahugsun skapar stöðugleika.
- Peningastefnan, hagstjórnin og vinnumarkaðurinn vinni betur saman og í takt
- Launahækkunar í samræmi við framleiðnivöxt.

Peningastefnan horfi til gengisþróunar í meiri mæli

- Minnka vaxtamun og losa um höft og fá þannig eðlilegri verðlagningu á krónuna.
- Sterk innkoma ferðaðjónustunnar ætti að styðja við frekari lækkun stýrivaxta

Forgangstöðun í ríkisfjármálum

- Nauðsynlegt að tryggja uppbyggnu innviða tengda ferðaðjónustunni
 - Nauðsynleg fjárfesting í innviðum raskar ekki hagstjórnarmarkmiðum um jafnvægi.
- Nú er tækifærið til að taka ákvarðanir hvað varðar fjárfestingar í samgöngum, þ.a.l. tilbúna til framkvæmda þegar niðursveifla kemur – það eykur traust og tiltrú og langtímahugsunina.
- Skoða þarf samspil einka- og opinbers reksturs þegar kemur að ferðaðjónustunni sbr. FLE.

Móta þarf stefnu í ferðaðjónustu

- Atvinnustefnan þarf að taka mið af ferðaðjónustu.

- Tryggja þarf sjálfbærni greinarinnar
- Lítil fjárfesting í innviðum er vandi. Fjárfesting í innviðum er stýring, dreifing og dregur úr álagi t.a.m. á HBS. Hið opinbera hefur ekki unnið í sama takti og atvinnulífið.

Hagvaxtarstefna á að leggja áherslu á stöðugleika og jöfnum starfsskilyrðum. Í þeim efnum fara hagsmunir allra atvinnugreina saman líka ferðapjónustunnar.